



Borgarráð

Engjateigur 2 - úthlutun lóðar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Veitum ohf., kt. 501213-1870, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, um 1.874 m² lóð við Engjateig 2, ásamt 6.500 m² helgunarsvæði. Úthlutunin er samkvæmt samkomulagi um makaskipti á lóð við Engjateig og Lágmúla 2 sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 2. maí 2019. Engar byggingarheimildir fylgja lóðinni og er lóðin afhent án greiðslu. Samhliða útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Engjateig 2 mun Veitur ohf. afhenda Reykjavíkurborg lóðina Lágmúli 2 án greiðslu og allra skuldbindinga.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum þann 9. nóvember 2017 að Reykjavíkurborg myndi taka þátt í fyrsta áfanga verkefnisins Re-Inventing Cities, sem er verkefni á vegum C40, samtaka yfir 90 stórborga sem vinna saman í baráttu gegn loftslagsbreytingum. Lóðin Lágmúli 2 var ein þeirra lóða sem Reykjavíkurborg tilnefndi í fyrsta áfanga verkefnisins. Í framhaldinu gerðu Veitur ohf. og Reykjavíkurborg með sér samkomulag um skipti á lóðum sem fól í sér að Veitur ohf. afhenda Reykjavíkurborg lóðina Lágmúli 2 án skuldbindinga og fær í staðinn úthlutaðri lóðinni Engjateigur 2, auk 6.500 fermetra helgunarsvæðis. Úthlutun þessi byggir á samkomulagi Veitna ohf. og Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarráði þann 2. maí 2019.

Athygli er vakin á því, að stærð og lega lóðar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Athygli er vakin á því að Reykjavíkurborg hefur ekki framkvæmt eða látið framkvæma neina könnun á jarðvegi eða undirlagi lóðarinnar. Lóðin er afhent í því ástandi sem hún er.

Lóðarhafa er óheimilt að framselja rétt sinn nema með heimild borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út.

Að öðru leyti en að framan greinir gildir um lóðina almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar, útgefnir í júní 2013, og deiliskipulag lóðarinnar sem tók gildi 15. október 2020.

Ívar Örn Ívarsson

